

Innra mat Þjórsárskóla 2019-2020

Unnið af Bolette og Kristínu

Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og vinna eftir henni. Tilgangur innra mats er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins kerfisbundið og finna leiðir til að bæta starfið.

Í Skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er lögð áhersla á að fjölbreytni í námi og kennsluháttum sé undirstaða þroska, velferðar og menntunar nemenda. Þetta skólaárið var áherslan í innra mati á nemendalýðræði – að ræða við nemendur um lýðræði og fá hugmyndir frá nemendum um hvernig við getum aukið nemendalýðræði innan skólans.


| | | | |
|-------------|--|---|--|
| 2019 - 2020 | Nemendalýðræði Skólapúlsinn hjá 6.-7. bekk | Hvernig getum við metið og bætt nemendalýðræði innan skólans. | Umræður hjá nemendum í rýnihópum. Nemendur koma með tillögur að útbótum á skólastarfinu. |
|-------------|--|---|--|

Framkvæmd


Unnin í september og október 2020

1. – 4. bekkur – Umræður um hvað er lýðræði og hvers vegna það sé mikilvægt að geta haft áhrif t.d. á skólann og umhverfi hans. Nemendur „hönnuðu“ draumaskólann. (Sjá mynd) Góð umræða skapaðist og margar skemmtilegar tillögur komu fram.

1.-2.bekkur



3.-4.bekkur



Rýnihópar hjá 5.-7. bekk

Innlögn um lýðræði – Samantekt um það sem nemendur langar að hafa áhrif á í skólastarfinu:

- Matseðill
- Hópaskiptingar í sundi og fleiri greinum
- Skipulag á sætum í matsal og í skólastofum
- Velja umbun fyrir bekkinn
- Fá nýjan sendi fyrir netið
- Bæta aðstöðu úti, hita í stétt við körfuboltavöllinn, nýja bolta, trampólín
- Stjórna skólanum í einn dag
- Hafa dót í skólanum
- Bæta við rólum, þrjár í röð
- Kaupa ný húsgögn, sófa, veggklukkur
- Bæta við spilum
- Tími til að gera góðverk
- Staður til að vera ein
- Áhrif á námsgreinar

Eftir umræður í rýnihópum var kosið í nefndir. Grænfánann, skólaráð og nemendaráð.

Niðurstöðum úr þessum umræðum var komið áfram til stjórnanda skólans.

Umbótaáætlun – Framkvæmdir á þessu skólaári.

- Nemendur komi með skriflegar óskir til Stínu kokks um hvað þá langar í matinn.
- Nemendur fái oftari val um stærðfræði í 1.-4. bekk.
- 1.-2. bekkur í jólakaffi með Bolette skólastjóra.
- Athuga með dýradag í skólanum. T.d. á vordögum.
- Kaupa nýja bolta.
- Ýta á eftir að fá nýjan sendi fyrir netið.
- Bæta aðstöðu úti t.d. laga hita í stétt og á körfuboltavellinum.
- Fá umsjónarkennara til þess að skipuleggja dótadag og bekkjarkvöld.

Skólapúlsinn - Niðurstöður vorið 2020

Skólinn notar Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-12 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur það um 20 mínútur. Könnunin er hluti af innra mati skólans.

Helstu niðurstöður: Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar fyrir skólann. Nemendur eru vel yfir landsmeðaltali í flestum matsþáttum. Eftirfarandi matsþættir eru sérstaklega ánægjulegir fyrir skólann og eru þeir vel yfir landsmeðaltali:

1. Virkni nemenda í skólanum:
Ánægja af lestri og áhugi á stærðfræði.
2. Líðan og heilsa:
Vellíðan og hollt matarræði

Það sem við þurfum að skoða betur út frá þessum niðurstöðum er agi í tímum, sem þarf að vinna í að bæta.

Dæmi um svör nemenda: Það sem er gott við skólann minn

- Allir eru góðir og vingjarnlegir
- Besti skóli í heimi
- Kennararnir eru mjög skemmtilegir og góðir og allir krakkarnir eru frábærir. Námsefnið er skemmtilegt og góður matur.
- Gott að það er gert mikið fyrir náttúruna t.d. landgræðsla og safna rusli. Svo er líka oft plantað trjám. Lítið um einelti og rifrildi. Mér finnst líka gott að það er kennt ART.

Dæmi um svör nemenda: Það sem má betur fara í skólanum mínum

- Ekkert
- Krakkarnir eru ekki alltaf góðir hver við annan.
- Fíflangur
- Sumir kennarar eru ósanngjarnir.
- Mætti reyna meira á ýmindunarafl nemenda.
- Þetta er skóli!

Gott er að fara vel yfir niðurstöðurnar og taka mið af þeim í skipulagningu skólastarfsins. Gaman að heyra að nemendum líður almennt vel og eru ánægðir með kennara og kennsluna.